

AFLIÐ

ÁRSSKÝRSLA 2012



Um ársskýrslu Aflsins

Í þessari ársskýrslu segir frá tíunda starfsári Aflsins. Það verður sagt frá sjálfshjálparstarfinu, fræðslustarfinu og þeirri hugmyndafræði sem er að baki starfi Aflsins. Einnig verða teknar saman tölulegar upplýsingar um skjólstæðinga og fjármál. Mikilvægt er fyrir Aflið að eiga tölulegar upplýsingar um skjólstæðinga og fleira slíkt til þess að sjá hversu mikil þörf er fyrir starfsemi Aflsins í samfélaginu.

Ársskýrsla ársins 2012 er með breyttu sniði frá fyrri árum og er það gert til að sýna betur fram á það hvernig starf Aflsins fer fram. Í lok ársskýrslunnar er kynning á þeim starfskonum sem starfa fyrir Aflið.

Aflið

Brekkugata 34, 600 Akureyri

Símar: 461-5959 og 857-5959

Netfang: aflidakureyrir@gmail.com

Vefsíða: www.aflidak.is

Ritstýrur:

Elfa Dögg Ólafsdóttir og Eygló Sigurðardóttir

Tölfræðiúrvinnsla:

Anna María Hjálmarsdóttir, Elfa Dögg Ólafsdóttir og Eygló Sigurðardóttir

Forsíða: Aflsmerkið

Myndataka: Ýmsar Aflskonur

Prentun: Háskólaprent

Efnisyfirlit

Stjórnarpistill	4
Upphaf Aflsins	5
Starfsemi	6
Einkaviðtöl	6
Hópastarf	7
Síma vakt	9
Forvarnir og fræðsla	9
Viðburðarvakt	9
Annað	10
Samstarf	10
Lögreglan á Akureyri og nágrenni	10
Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri	10
Einstaklingar	11
Viðburðir	11
Afmæli Aflsins	11
Styrktartónleikar	11
Heimsóknir til okkar	12
Súpupartýið	12
Aðalfundur	12
Fjármál	13
Styrkir	13
Útgjöld	14
Uppgjör ársins 2012	15
Starfsmenn Aflsins	16
Anna María Hjálmarasdóttir	16
Sigríður Þórisdóttir	17
Friðbjörg Jóhanna Sigurjónsdóttir	18
Jóhanna G. Birnudóttir	19
Birgitta Sæmundsdóttir	20
Eygló Sigurðardóttir	21
Sæunn Guðmundsdóttir	22
Elfa Dögg Ólafsdóttir	23

Stjórnarpistill

Árið 2012 var viðburðaríkt ár fyrir Aflið. Samtökin áttu tíu ára afmæli og var mikil vinna lögð í að skipuleggja ráðstefnu sem Aflið hélt í tilefni afmælisins. Vegna þess hversu vel tókst til var ákveðin sú stefna að halda sambærilega ráðstefnu árlega í kringum afmæli Aflsins.

Mikil aukning var á skjólstæðingum þetta ár og var aukning um 95% frá síðasta ári. Það sýnir Aflinu og samfélaginu hvað það er mikil þörf á þeirri starfsemi sem samtökin bjóða upp á. Vegna niðurskurðar þurfti Aflið því miður að draga úr hópastarfsemi sinni en einungis þrír hópar voru þetta ár. Það gerir það að verkum að samtökin voru ekki að bjóða upp á alla þá þjónustu sem þau hefðu viljað.

Aflskonur fóru með bros á vör í alla grunnskóla Akureyrar og nágrennis. Þar að auki fóru þær í báða framhaldsskóla bæjarins auk fleiri heimsókna. Heimsóknir þessar eru hluti af forvarnarstarfi Aflsins, gerðar til þess að fræða nemendur og aðra um starfsemi Aflsins og benda á hvert er hægt að leita fyrir einstaklinga sem verða fyrir ofbeldi eða hafa vitneskju um slíkt. Ávallt er vel tekið á móti Aflinu í þessum heimsóknum og greinilegt er að skólastjórnendur og kennarar eru meðvitaðir um mikilvægi þess að koma með slíka fræðslu inn í skólana. Forvarnar- og upplýsinga starfið er ekki síður gefandi fyrir starfskonur Aflsins, þar fá þær tækifæri til að heyra sjónarhorn fullorðinna og barna. Auk þess upplifa þær það þakklæti frá samfélaginu sem gefur þeim drifkraft í að halda áfram sínum störfum.

Árið var þó ekki eintóm gleði og hamingja og þurfti Aflið að senda út neyðarkall vegna fjárskorts sem samtökin glíma við. Vel var tekið í neyðarkallið af samfélaginu og eru Aflskonur óendanlega þakklátar fyrir þann stuðning sem samtökin fengu.

Aflið fékk eins og síðustu ár þá föstu styrkveitingu sem það hefur hingað til fengið auk fleiri styrkja sem margir hverjir komu úr óvæntri átt. Aflið vill þakka öllum þeim sem styrktu Aflið með einum eða öðrum hætti innilega fyrir stuðninginn.

Aflið er með raunhæf markmið fyrir framtíðina en samtökin langar að auka þá þjónustu sem það hefur upp á að bjóða. Þar á meðal má nefna kvennaathvarf en félaginu þykir brýn nauðsyn að veita slíka þjónustu. Einnig er þörf á að félagið finni sér stærra húsnæði og þykir Aflinu það vera kjörið tækifæri að finna húsnæði sem rúmar bæði kvennaathvarf og samtökin undir sama þaki.

Stjórn Aflsins.

Upphaf Aflsins

Aflið var stofnað á Akureyri árið 2002 í framhaldi af tilraunastarfsemi Stígamóta. Í upphafi störfuðu sjö sjálfboðaliðar hjá Aflinu en þær Anna María Hjálmarsdóttir og Sæunn Guðmundsdóttir eru þær einu sem hafa starfað frá upphafi. Í dag starfa sjö starfsmenn í stjórn og tveir utan stjórnar.

Aflið hóf starfsemi sína í húsnæði við Glerárgötu sem áður tilheyrði Menntasmiðju kvenna. Aflið fluttist síðar í Tryggvagötu til ráðgjafastofunnar Reynis en starfsemin hjá félaginu jókst hratt og færðist í upphafi árs 2007 í Brekkugötu 34 og hefur starfsemin verið þar síðan. Brekkugata er samt sem áður að verða of lítil fyrir starfsemina.

Í upphafi var eina þjónustan sem hægt var að veita skjólstæðingum einkaviðtöl og hópastarf auk þess sem sínavaktin hefur verið starfandi frá upphafi. Í dag hafa fræðsla og forvarnir á Norðausturlandi bæst við. Þar að auki hefur viðburðarvakt bæst við þá þjónustu sem Aflið býður upp á. Hún fellst í gangandi vakt á Bíladögum, um Verslunarmannahelgina og á Fiskideginum á Dalvík en Aflið var í fyrsta skipti á Fiskideginum árið 2012. Vegna síaukinna umsvifa Aflsins og vinsælda internetsins var brugðið á það ráð að opna heimasíðu með helstu upplýsingum um starfsemi Aflsins og síðar var sett á fót *Facebook* síða sem deilir fréttum um málefni tengdum starfseminni og viðburðum sem félagið stendur fyrir. Öll þjónusta sem Aflið veitir skjólstæðingum sínum er öllum að kostnaðarlausu

Starfsemi

Starfsemi Afslins er fjölbreytt og felst meðal annars í einkaviðtölum og hópstarfi auk annarra verkefna sem snúa að fræðslu og ýmiskonar hjálp til brotþola sem hafa þurft að takast á við allar tegundir ofbeldis en þar á meðal er kynferðis-, heimilisofbeldi og einelti.

Mikil aukning hefur verið á skjólstæðingum hjá Aflinu árið 2012. Árið 2011 voru skjólstæðingar 59 en í lok árs 2012 voru skjólstæðingarnir orðnir 108.

Hér fyrir neðan er tafla sem sýnir sundurliðun á skjólstæðingum hjá Aflinu.

	Konur	Karlar	Aðstandendur	Heildarfjöldi
2011	14	12	33	59
2012	58	13	37	108
Aukning	44	1	4	49

Einkaviðtöl

Það fyrsta sem skjólstæðingum er boðið uppá er einkaviðtal sem felst í stuðningi við að setja ofbeldið í orð og skoða þær afleiðingar sem það hefur skilið eftir sig. Oft er erfitt fyrir brotþola að koma í sitt fyrsta viðtal og er það mjög eðlilegt þar sem um erfiðar endurminningar er um að ræða. Ráðgjafar Afslins gera allt sem þeirra valdi stendur til þess að gera viðtölin eins þægileg og hægt er.

Stundum kemur það fyrir að einstaklingurinn vilji ekkert tala um ofbeldið sem hann hefur lent í til að byrja með og fer hann þá að tala um allt aðra hluti. Ráðgjafinn býður honum þá að heyra sína sögu fyrst og oft kemur það einstaklingnum af stað. Einnig er það oft þannig að einstaklingurinn vil láta spyrja sig til að byrja með en fer svo sjálfkrafa að segja sína sögu. Það er stórt skref fyrir einstaklinga að mæta í fyrsta viðtalið sitt en undantekningarlaust fylgir því mikill léttir að hafa sagt frá. Það skiptir miklu máli fyrir skjólstæðingana að opna sig og tala við ráðgjafa, sem deilir með þeim sinni sögu. Sumir einstaklingar vilja koma vikulega í viðtöl í einhvern tíma en draga svo úr viðtölunum og koma oft hálfsmánaðarlega eða mánaðarlega.

Einkaviðtölin eru oft fyrstu skrefin sem brotþoli tekur til þess að ná tökum á afleiðingum ofbeldisins en þær afleiðingar eru yfirleitt brotin sjálfsmynd, lítill sjálfsvirðing eða bæði. Einstaklingurinn ræður sjálfur ferðinni í viðtalinu, hve mikinn stuðning hann vill og hve lengi.


Ef einstaklingnum finnst hann hafa fengið það sem hann þurfti úr einkaviðtölunum en finnst hann samt sem áður þurfa áframhaldandi stuðning til að vinna úr sínu ofbeldi er

honum boðið upp á að fara í sjálfshjálparhóp.

Árið 2012 voru fjórir ráðgjafar með einkaviðtöl og einn ráðgjafi frá Aflinu tók einkaviðtöl í Reykjavík. Það eru bæði kynin sem koma í einkaviðtöl til Aflsins.

Árið 2012 var mikil aukning á einkaviðtölum en þau voru um 1337 talsins sem er 95% aukning frá árinu 2011. Alls voru 198 skjólstæðingar sem komu í einkaviðtöl¹ árið 2012 þar af eru 33 karlmenn og 165 kvenmenn. Árið 2011 voru einkaviðtölin 685 sem er 60,4% aukning frá árinu 2010. Árið 2010 voru einkaviðtölin 427 en árið 2009 voru þau 324 sem er 31,8% aukning.

Hér fyrir neðan má sjá fjölda einkaviðtala sem Aflið veitti frá árinu 2009 til 2012. Eins og sjá má hafa umsvið þeirra aukist til muna.



Hópastarf

Markmiðið hópastarfsins er að einstaklingarnir geti sótt styrk til að takast á við þau vandamál sem rekja má til afleiðinga kynferðis- eða heimilisofbeldis. Hóparnir samanstanda af sex til átta skjólstæðingum og einum til tveim leiðbeinendum sem leiða hópana. Reynslan af sjálfshjálparhópum hefur verið mjög góð og fer mikil vinnsla fram hjá öllum einstaklingum sem sækja í þá.

¹ Undanskildir eru þeir skjólstæðingar sem nýta sér einkaviðtöl í gegnum síma.


Hóparnir hittast yfirleitt fimmtán sinnum. Í hverjum tíma fyrir sig er tekið fyrir eitt umræðuefni sem tengist afleiðingum kynferðis- eða heimilisofbeldis. Í tvö skipti af fimmtán er tjáð sig á annan hátt en með orðum.

Í upphafi hvers tíma er byrjað á því að segja frá hvernig vikan hjá hverjum einstaklingi var og er það gert til þess að koma tjáningunni af stað. Jafnvel var mikil vinnsla í gangi hjá einstaklingnum frá því hann hitti hópinn síðast og þarf að ræða um það. Oft eru einstaklingar að takast á við marga nýja hluti eftir að hópurinn hefst og þá er gott að geta sagt frá því og fengið viðeigandi stuðning.

Árið 2012 var Aflið með þrjá hópa og í hverjum hóp fyrir sig var einn leiðbeinandi. Þar af leiðandi voru alls þrír leiðbeinendur starfandi fyrir Aflið. Í heild sóttu sextán skjólstæðingar til Aflsins í hóp og allir skjólstæðingarnir voru konur. Í hverjum og einum hóp eru yfirleitt sex til átta konur en Aflið hefur ekki enn tekið inn karlmenn í hópavinnu.

Árið 2009 fór Aflið af stað með sex hópa og voru það 36 skjólstæðingar sem sóttu í hóp það ár. Árið 2010 var farið að stað með fjóra hópa og alls voru 27 skjólstæðingar sem sóttu hópastarfið. Hópunum fjölgaði um tvo árið 2011 og voru sex hópar haldnir það ár og sóttu 38 skjólstæðingar hópastarfið. Ári síðar fækkaði hópum um þrjá og voru einungis 18 einstaklingar sem komust inn í hóp árið 2012. Þessi fækkun orsakast af fjármagnsskortri sem Aflið á við að stríða.

Hér fyrir neðan verður sýnt graf yfir þann fjölda einstaklinga sem sóttu í hópastarf á vegum Aflsins frá árinu 2009 til ársins 2012.



Símavakt

Símavaktin er í boði allan sólahringinn fyrir þolendur kynferðis-, heimilisofbeldis og eineltis auk þess sem aðstandendur brotaþola geta hringt. Mikil aukning er á að skjólstæðingar hringi til þessa að fá aðstoð en því miður eru ekki til tölfraðilegar upplýsingar um hversu vel nýtt símaþjónustan er. Mikið af þeim skjólstæðingunum sem hringja eru ekki frá Akureyri en öllum er veitt aðstoð sem eftir henni sækja. Sigríður Þórisdóttir ráðgjafi hefur umsjón með símanum.

Forvarnir og fræðsla

Aflið hefur verið virkt í að sinna forvörnum og bjóða fræðslu í grunn-, framhalds- og háskólum um afleiðingar kynferðis-, heimilisofbeldis og eineltis. Félagið hefur undanfarin ár farið í alla skóla á Akureyri og nágrennis með slíka fyrirlestra. Einnig var töluvert um að fyrirtæki og félagsamtök leituðu til Aflsins og óskuðu eftir kynningu, fræðslu og hefur eftirspurnin eftir slíku aukist mikið.

Árið 2012 var farið með fræðslu í alla grunnskóla á Akureyri en þeir eru alls tíu. Auk þess var farið í grunnskólann á Grenivík, á Árskógsandi og Svalbarðeyri. Farið er inn í sjöunda bekk og upp í þann tíunda með fræðslu og forvarnir. Einnig var farið með fræðslu í Háskóla Akureyrar, Menntaskólann á Akureyri og Verkmenntaskólann á Akureyri. Þá var líka farið með fræðslu í Símei og fyrir Lionsklúbbinn Ylfu á Akureyri. Alls tóku sjö starfsmenn Aflsins þátt í fræðslunni árið 2012.

Viðburðarvakt

Í nokkur ár hefur Aflið verið með gangandi vakt allan sólahringinn á Akureyri yfir Bíladagshelgina og Verslunarmannahelgina auk þess sem Fiskidagshelgin á Dalvík bættist við árið 2012 og var Aflið þar með gangandi vakt í fyrsta skipti.

Með gangandi vakt er átt við að vera sýnilegur um bæinn þessar helgar og eru þetta yfirleitt konur sem starfa fyrir Aflið eða eru skjólstæðingar þess. Vaktin fer oftast friðsamlega fram og svara Aflskonur öllum spurningum sem varða starfsemina auk þess sem þær stilla til friðar ef svo ber við. Oft hafa komið inn nýir skjólstæðingar eftir þessar helgar og má því segja að það sjáist að gangandi vakt er nauðsynleg og ber árangur.

Aflið er í samstarfi með Bílaklúbbi Akureyrar um Bíladagshelgina og hefur það samstarf verið gott. Um verslunarmannahelgina er Aflið í samstarfi við Akureyrarstofu.

Fiskidagarnir voru nýtt verkefni fyrir Aflið árið 2012. Yfir allar þessar helgar er mjög gott samband milli lögreglunnar og Aflsins en einnig er gott samstarf með bráðamóttökunni á Akureyri.

Annað

Árið 2012 var viðburðarríkt hjá Aflinu og fóru þeir ráðgjafar sem áttu heimangengt á nokkrar ráðstefnur. Þar á meðal fóru ráðgjafarnir á ráðstefnu í Háskólanum á Akureyri um *Breytingarmyndir ofbeldis*.

Eins voru farnar nokkrar ferðir til Reykjavíkur til að taka þátt í ráðstefnum. Þar á meðal má nefna ráðstefnuna *Strauma og stefnur í jafnréttismálum* sem haldin var á Hótel Sögu ásamt því Aflið tók þátt í ráðstefnunni *Hinn launhelgi glæpur* sem haldin var í Háskólanum í Reykjavík.

Aflið heldur úti heimasíðu með helstu upplýsingum um félagið ásamt *Facebook* síðu þar sem félagið getur deilt fréttum og viðburðum sem fjalla um starf Aflsins.

Samstarf

Mikil aukning hefur verið í samstarfi milli Aflsins og Lögreglunnar á Akureyri annarsvegar og Aflsins og Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri hinsvegar. Samstarfið er gott á milli allra aðila og eru oft haldnir sameiginlegir fundir með þeim. Slíkir fundir fara aðallega fram fyrir viðburði á borð við Bíladaga og aðrar stórar helgar.

Lögreglan á Akureyri og nágrenni

Aflið er í góðu samtarfi við lögregluna og eru Aflskonur mjög duglegar að sækja þá aðstoð sem lögreglan býður upp á, sé þess þörf.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri

Aflið og bráðamóttakan á Fjórðungssjúkrahúsinu hafa nú í ára raðir aukið samstarfið sín á milli. Aflskonur lenda oft í því að þurfa að fara með skjólstæðingum upp á bráðamóttöku í skoðun og hefur viðmótið alltaf verið gott frá starfsfólki bráðamóttökunnar. Oft þarf starfsfólk bráðamóttökunnar að leita til okkar útaf skjólstæðingi og fer þá fulltrúi á vegum Aflsins upp á bráðamóttöku til að sinna skjólstæðingnum. Einnig er starfsfólkið duglegt að vísa skjólstæðingum til okkar.

Einstaklingar

Aflið hóf samstarf með Andrési Má Magnússyni og Príma lögmönnum árið 2012. Andrés er héraðsdómslögfræðingur sem hefur aðstoðað Aflið með skjólstæðinga og gefið ráð til Aflsins ef svo ber við.

Prestar, félagsráðgjafar, sálfræðingar og geðlæknar hafa einnig átt gott samstarf með Aflinu en þessir aðilar eru duglegir að vísa skjólstæðingum til Aflsins.

Viðburðir

Aflið stóð fyrir margskonar viðburðum árið 2012 og má þar nefna afmæli Aflsins, Styrktartónleika Aflsins auk ýmissa annarra viðburða.

Afmæli Aflsins

Árið 2012 átti Aflið tíu ára starfsafmæli og var haldin veisla því til heiðurs þann 13. apríl 2012 í Hafnarvitanum á Akureyri. Það voru margir sem mættu í afmælið en rúmlega 100 manns létu sjá sig. Aflið hélt upp á afmælið sitt með því að halda málþingið *Segðu frá* og komu margir



flottir gestafyrirlesarar fram. Þar á meðal má nefna þær Sigrúnu Sigurðardóttur frá Rannsóknarsmiðstöð gegn ofbeldi, Guðrúnu Ebbu Ólafsdóttur og Thelmu Ásdísardóttur frá Drekaslóð og Sigríði Björnsdóttur frá Blátt áfram. Einnig komu Anna María Hjálmarsdóttir, formaður Aflsins og Jóhanna G. Birnudóttir, Aflinu, fram. Fundarstjóri var Ívar Helgason og þakkar Aflið honum og gestafyrirlesurum fyrir frábæran dag. Eins vilja Aflskonur þakka þeim frábæru gestum sem samglöddust með samtökunum þennan dag.

Styrktartónleikar

Það er orðið árlegur viðburður hjá Aflinu að halda styrktartónleika en þeir eru haldnir ár hvert í Akureyrarkirkju. Yfirleitt er góð mæting og þakkar Aflið þeim einstaklingum sem hafa styrkt samtökin með því að mæta á þessa flottu tónleika. Árið 2012 var þó ekki hægt að halda styrktartónleika vegna veðurs en Aflið hélt þess í stað tónleika snemma árið 2013.

Heimsóknir til okkar

Aflið fékk frábæra einstaklinga í heimsókn árið 2012 og þakkar félagið þeim kærlega fyrir innlitið. Þeirra á meðal voru fulltrúar frá Bandaríska sendiráðinu og Hjallastefnan úr Hafnafirði en Hjallastefnan hélt fyrirlestur. Einnig kom bæjarstjóri Akureyrar, formaður félagsmálaráðs og framkvæmdarstjóri fjölskyldudeildar í heimsókn og funduðu með félaginu.

Súpupartýið

Súpupartýið hefur verið haldið árlega núna í fjögur ár og er það Jóhanna G. Birnudóttir, ráðgjafi, sem stendur á bak við súpupartýið. Það er haldið fyrir mótorhjólafólk víðs vegar að af landinu sem gerir sér ferð til Akureyrar til að vera viðstatt súpupartýið. Á svæðinu er baukur fyrir frjáls framlög og rennur



ágóðinn beint til Aflsins. Árið 2012 komu um það bil 100 manns og gæddu sér á súpu.

Aðalfundur

Eins og undanfarin ár var aðalfundur Aflsins haldinn og fór hann fram í húsakynnum Aflsins við Brekkugötu. Þar fara fram umræður um stöðu félagsins auk þess sem framboð til setu í stjórn félagsins eru tilkynnt og kosið er í stjórn næsta árs.

Stjórn félagsins hélst óbreytt frá því árið 2011 og í henni sitja:

Anna María Hjálmarsdóttir	Formaður
Sigríður Þórisdóttir	Varaformaður
Hrefna Björg Waage	Gjaldkeri
Eygló Sigurðardóttir	Meðstjórnandi og ritari
Jóhanna Guðný Birnudóttir	Meðstjórnandi
Birgitta Hrönn Sæmundsdóttir	Meðstjórnandi
Friðbjörg Jóhanna Sigurjónsdóttir	Meðstjórnandi

Fjármál

Aflið hefur á undanförunum árum haft einstaklinga sem gefa mikið af sínum frítíma í vinnu við þau verkefni sem Aflið starfar að. Á það bæði við um ráðgjafa Aflsins, stjórn þess og velunnara. Þar sem innkoma félagsins er ekki mikil og öll þjónusta við skjólstæðinga er þeim að kostnaðarlausu, eru launagreiðslur til ráðgjafa og leiðbeinanda iðulega látnar sitja á hakanum. Þess vegna er mikil sjálfboðavinna frá ráðgjöfum og leiðbeinendum Aflsins. Til þess að sýna þetta svart á hvítu hefur Aflið tekið saman upplýsingar sem sýna samanburð á lögbundnum verktakagreiðslum og þeim greiðslum sem starfskonur Aflsins hafa fengið greitt fyrir starf sitt. Heildar upphæð fyrir þá sjálfboðavinnu sem Aflið vinnur á ári nemur rúmlega 25 milljónum.

Hér fyrir neðan verður sýnt fram á þá útreikninga sem Aflið hefur sett saman miðað við laun á árs grundvelli.

	Aflið	Almenn verktakalaun	Mismunur
Laun	3.946.100 kr.	10.027.500 kr.	6.081.400 kr.
Bakvakt	0 kr.	14.560.000 kr.	14.560.000 kr.
Stjórnarfundir	0 kr.	2.839.200 kr.	2.839.200 kr.
Handleiðsla	0 kr.	1.500.000 kr.	1.500.000 kr.
Samtals	3.848.500 kr.	28.926.700 kr.	24.980.600 kr.

Eins og sést á töflunni er mikil vinna sem ráðgjafar Aflsins gefa ef miðað er við almenn verktakalaun.

Styrkir

Árið 2012 var drjúgt ár fyrir Aflið þar sem ekki voru veittir háir styrkir til Aflsins. Akureyrarbær var sem fyrr aðalstyrktaraðili Aflsins og veittu þeir 1.800.000,- til félagsins. Velferðarráðuneytið veitti næst hæsti styrkinn til Aflsins en þeir veittu félaginu 1.600.000,-.

Eitthvað var um að einstaklingar veittu félaginu styrki og sveitarfélögin í næsta nágrenni veittu einnig styrki. Nemendur Menntaskólans á Akureyri setti af stað verkefni sem fólst í því að þau gerðu vinaarmbönd sem þau síðan seldu og styrktu Aflið með ágóðanum.

Þær sem tóku þátt í Ungfrú Norðurland bökuðu bollakökur í eldhúsinu í Verkmenntaskólanum á Akureyri og seldu þessar yndislegu fegurðardísir kökurnar og rann ágóðinn af þeirri sölu til Aflsins.

Einnig var haldið konukvöld en Guðrún Blöndal stóð fyrir því. Fékk hún til liðs við sig fjölda einstaklinga sem sá um skemmtun og rann ágóði kvöldsins til Aflsins.

Einstaklingar voru duglegir að styrkja við Aflið með ýmsum framlögum og nam sú upphæð rúmlega 130.000,- krónum.

Hér fyrir neðan má sjá sundurliðun á þeim styrkjum sem Aflið fékk árið 2012.

Styrkir ársins 2012

Akureyrarbær	1.800.000 kr.	Sveitafélagið Árborg	74.077 kr.
Velferðarráðuneytið	1.600.000 kr.	Nemendur MA	53.763 kr.
EFLA verkfræðistofa	200.000 kr.	Kvenfélag Reykjahrepps	50.000 kr.
Einstaklingar	133.500 kr.	Þingeyjarsveit	50.000 kr.
Soroptimismar	112.000 kr.	Ungfrú Norðurlands	26.832 kr.
Konur fyrir konur	109.000 kr.	Kvenfélagið Hlín	25.000 kr.
Dalvíkurbyggð	100.000 kr.	Lionsklúbburinn Hængur	25.000 kr.
Eining – Iðja	100.000 kr.	Grýtubakkahreppur	10.000 kr.
Hóras ehf.	100.000 kr.	Kvenfélag Fnjóskdæla	10.000 kr.
Eyjafjarðarsveit	75.000 kr.	Skagabyggð	10.000 kr.
Samtals			4.664.172 kr.

Útgjöld

Eins og öll önnur ár eru útgjöld hjá Aflinu en félagið þarf að borga sínum ráðgjöfum laun fyrir viðtöl og hópastarf. Það var hæsti útgjaldaliður ársins 2012.

Hér fyrir neðan er sundurliðun á útgjöldum hjá félaginu árið 2012.

Útgjöld ársins 2012

Heildarlaun ráðgjafa	3.946.100 kr.
Húsaleiga	480.000 kr.
Ferðakostnaður	396.000 kr.
Auglýsingar	249.600 kr.
Yfirdráttarheimild	155.000 kr.
Sími, net og vefsíðugjöld	114.000 kr.
Rekstrarkostnaður	94.224 kr.
Öryggiskerfi	79.692 kr.
Samtals	5.514.616 kr.
Ógreiddir reikningar í lok árs	1.119.487 kr.
Heildarrekstrarkostnaður	6.634.103 kr.

Uppgjör ársins 2012

Aflið var rekið með tapi árið 2012 og sést glögglega að félaginu sárvantar fjárveitingar enda var ekki unnt að greiða ráðgjöfum og stjórnendum félagsins sambærileg laun og undanfarin ár. Afiskonur létu samt sem áður ekki lítið fjármagn á sig fá og störfuðu áfram á fullu krafti í einkaviðtölum en þurftu því miður að draga úr starfsemi hópa vegna fjárskorts. Enda skilar félagið af sér starfi sem er ómissandi fyrir samfélagið.

Hér fyrir neðan er tafla sem sýnir fjármagn, útgjöld og eftirstöðvar árið 2012.

Uppgjör ársins 2012

Eftirstöðvar fyrra árs	1.285.749 kr.
Styrkveitingar árið 2012	4.664.172 kr.
Útgjöld árið 2012	6.634.103 kr.
Samtals	-684.182 kr.

Starfsmenn Aflsins

Eins og fram hefur komið eru það níu einstaklingar sem koma að starfsemi Aflsins. Þeir starfa ýmist sem ráðgjafar, sitja í stjórn eða hvoru tveggja. Þessar frábæru konur hafa skrifað hver og ein um sjálfa sig. Hvað þær gera, hverjar þær eru og hver þeirra framtíðarsýn er fyrir starfsemi Aflsins. Einnig langar Aflskonum að þakka öllum í samfélaginu sem hafa stutt samtökin á einn eða annan hátt.

Anna María Hjálmarsdóttir

Formaður

Ég er einn af stofnendum Aflsins og hef verið hjá Aflinu frá upphafi. Þegar ég byrjaði þá vorum við nokkrar saman og vorum við fullar af eldmóði og enn þann dag í dag er þessi eldmóður til staðar. Við erum búnar að fá stórglæsilegar konur með okkur til Aflsins til lengri og skemmri tíma og er ég búin að læra helling af hverri og einni þeirra. Einnig höfum við í Aflinu fengið marga skjólstæðinga til okkar í gegnum tíðina og hef ég lært af þeim öllum eins og starfsfólkinu.



Ég hef í gegnum tíðina farið á margar ráðstefnur, fyrirlestra, Gæfuspor og annað nám eins og NLP hjá Kára Eypórs og er útskrifaðist ég úr því námi sem einka-, fjölskyldu- og hjónabandsráðgjafi. Einnig fór ég í nám hjá Símei og útskrifaðist ég þar sem félagsliði. Það má segja að í hverri viku tæklar maður nýjar aðstæður, ný sjónarmið nýja reynslu og geri ég mitt besta til að læra af því.

Ég man mín fyrstu skref þegar ég fór í leit að hjálp og þau voru erfið en um leið og ég opnaði mig og sagði frá og fór að vinna í mér þá lærði ég lífið upp á nýtt. Mikið sem lífið breyttist. Það fór að vera enn skemmtilegra og betri staður til að vera á. Því hvet ég til alla að segja frá.

Það sem ég geri í Aflinu er meðal annars tek ég einkaviðtöl, er með hópá og fer í með forvarnar starf og fræðslu. Einnig er ég á gangandi vöktum á Bíladögum, versló og Fiskidögum. Ég vil þakka mínum yndislegu skjólstæðingum, samstarfólki og öðrum gangandi vegfarendum í gegnum lífið mitt fyrir allt það sem það hefur gefið af sér.

Sigríður Þórisdóttir

Varaformaður

Ég kom fyrst í Aflið fyrir níu árum og opnaði mína sögu, þá strax um haustið fór ég á gangandi vakt um verslunarmanna helgina og upp frá því hef ég verið viðloðandi Aflið.

Ég fór í stjórn Aflsins árið 2008 og tók við símanum 2011 og hef verið símamær síðan þá, ásamt því að sinna ráðgjafa- og hópastarfi. Vinnan hjá Aflinu hefur eftt mig og gefið mér betra líf að öllu leiti og vill ég þakka öllum sem hafa komið að máli við mig hvort sem það er í gegnum síman, út á götu eða í viðtölum hjá mér. Þið hafið gefið mér kraftinn til að takast á við allt sem lífið hefur upp á að bjóða.

Ég sé Aflið fyrir mér í eigin húsnæði í framtíðinni þar sem við getum tekið við skjólstæðingum til gistingar til lengri og skemmri tíma og gætum þá einnig tekið einstaklinga frá Reykjavík sem finnst þeir þurfa að fara enn lengra í burtu.

Ég vil geta verið á föstum fjárlögum frá Ríki og Akureyrarbæ sem dekkja rekstur Aflsins og alla starfsemi þess. Ég myndi vilja efla forvarnir í háskólanum sem og öðrum framhaldsskólum. Einnig myndi ég vilja kynna forvarnastefnu okkar fyrir alla kennara og aðra sem vinna með börnum og eiga eftir að vinna með börnum sem og öðrum í framtíðinni. Síðan myndi ég vilja efla forvarnir hjá heilbrigðisstofnunum, bæjum og öðrum fyrirtækjum á Akureyri allavega á tveggja ára fresti.



Friðbjörg Jóhanna Sigurjónsdóttir

Meðstjórnandi

Ég hef setið í stjórn Aflsins frá árinu 2011. Það þykir mörgum skrítið að ég taki þátt í þessu starfi, þar sem ég hef ekki sama bakgrunn og margir sem að málefninu koma. Það er langt síðan ég gerði mér grein fyrir víðtækum og langvarandi afleiðingum ofbeldis, af hvaða meiði sem það er. Ég er með B.A. gráðu í sálfræði og samhliða því námi tók ég auka kúrsa, meðal annars í afbrotafræði og kynjafræði.



Gegnum gangandi í náminu mínu, skrifaði ég ritgerðir og gerði verkefni um eitthvað sem tengist ofbeldi og afleiðingum þess.

Lokaritgerðin mín fjallaði svo um ofbeldi og vanrækslu á börnum. Þannig kynntist ég þessum málaflokk fyrir alvöru og stelpunum í Aflinu.

Mín framtíðarsýn fyrir Aflið er að starfsemi þess fái viðurkenningu í samfélaginu, að við getum þróað starfið okkar í samvinnu við stofnanir, bæjarfélagið og íbúa þess, þannig að á þessum málaflokki verði tekið af alvöru. Þannig verði hvers kyns ofbeldi sem á sér stað, viðurkennt á sama tíma og það verður upprætt. Því vandi sem ekki er viðurkenndur, hverfur ekki að sjálfsdáðum.

Jóhanna G. Birnudóttir

Meðstjórnandi

Ég hóf störf hjá Aflinu 2008 um haustið en þá kom ég inn í stjórn. Ég hafði lengi verið á leiðinni til að vinna með þolendum en var ekki tilbúin fyrr. Á þessum tíma hefur margt gerst, Aflið stækkað og eflst til muna og mikil aukning á komum skjólstæðinga. Á þessum árum hef ég sótt ýmsar ráðstefnur og námskeið á vegum Aflsins, gengið í gegnum Gæfusporin sem er meðferð á líkama, huga og sál fyrir þolendur kynferðisofbeldis.



Ég hef einnig lært eitthvað af öllum skjólstæðingum og jafnframt unnið í sjálfri mér með. Ég hef farið með forvarnarfyrirlestra í alla grunnskóla Akureyrarbæjar og víðar. Eins hef ég farið í framhaldsskóla, háskóla, kvenfélög, fyrirtæki og stofnanir. Allt þetta kennir manni eitthvað og má segja að ég sé að verða hokin af reynslu eftir öll þessi ár.

Auðvitað hefur þetta verið miserfitt og skemmtilegt. Ég bjóst aldrei við að starfssemin væri jafn víðtæk og raun ber vitni en hún er líka gefandi og fjölbreytt. Má til dæmis nefna að ég hef þurft að fara með skjólstæðinga á neyðarmóttöku FSA á Akureyri, hughreyst foreldra og aðstandendur, haldið í höndina á konu sem var sundurskorin eftir heimilisofbeldi meðan það var verið að sauma hana saman, farið í fangaklefa á lögreglustöðinni til að tala við þolanda. Einnig hef ég hjálpað konum að flýja úr heimilisofbeldi og þurft að vera í felum með þær hingað og þangað um bæinn þar til þær kæmust í flug, hef horft í augun á barni sem segir frá í fyrsta skiptið. Þar að auki hef ég fengið símtöl seint að kvöldi og að nóttu frá skjólstæðingi sem var að gefast upp á lífinu, ég hef eytt mörgum klukkutímum, ásamt lögreglu, í að leita að skjólstæðingi mínum sem ætlaði að klára líf sitt, sem betur fer fannst hann í tíma.

Ég er stundum spurð; „jæja ferðu nú ekki að fara að hætta þessu, geturðu endalaust verið að velta þér upp því sem kom fyrir þig.“ Ég er alls ekkert að því, ég er ekki stöðugt að hugsa um hvað gerðist fyrir mig. Langt í frá. Ég er aftur á móti að nýta mína reynslu og mína sjálfsvinnu til að hjálpa öðrum að lifa af. Ég mun ekki hætta því meðan ég get gert gagn, af því að ég fæ þá vinnu svo margfalt til baka.

Aflið hefur gefið mér svo margt og ég vonandi gefið Aflinu mikið á móti.

Birgitta Sæmundsdóttir

Meðstjórnandi

Ég kom fyrst inn til Aflsins árið 2005 og settist í framkvæmdanefnd árið 2009 og settist síðan í stjórn árið 2011.

Þegar ég kom fyrst inn í Aflið og fór í minn fyrsta hóp, þá gjörbreyttist lífið á betri veg. Ég ákvað þá að taka tvo aðra hópa til viðbótar til þess að fá enn meiri styrkingu á sjálfri mér og auka mun meira sjálfstraustið.

Aflið hefur gefið mér svo margt. Það hefur gjörsamlega umbreytt mínu lífi og vil ég þakka Aflinu og Aflskonum í gegnum tíðina fyrir að hafa hjálpað mér. Ég á þeim það að þakka að ég stend upprétt í dag. Aflið er mér allt og það eflir alla sem þangað koma.



Eygló Sigurðardóttir

Meðstjórnandi og ritari

Ég var kosin í stjórn Aflsins á aðalfundi ársins 2011 og er ég þar sem ritari og meðstjórnandi. Ég var þá búin að vera í einkaviðtölum í nokkra mánuði og fór svo í hópameðferð um haustið. Þegar ég opnaði á mitt mál hjá Aflinu voru liðin fjöldamörg ár síðan ég lokaði á það. Ég var búin að leita mér aðstoðar áður, annarsstaðar, en fann mig ekki þar og fannst ég ekki geta tekist á við þetta. Svo var mér bent á Aflið. Ég safnaði hugrekki til að hringja og alveg frá fyrsta tíma leið mér alveg



ótrúlega öruggri, mér fannst ég geta sagt næstum allt án þess að verða kvíðin og hrædd um að verða dæmd á einhvern hátt. Þar að auki var þarna kona sem skildi mig og varð ekkert hissa á einu eða neinu sem ég sagði. Það var rosalega frelsandi og eftir þetta fór líf mitt að breytast og ég fann mig losna úr ákveðnu fari sem var farið að íþyngja mér meira en ég gerði ráð fyrir. Fyrir það þykir mér alveg rosalega vænt um Aflið og þessar yndiskonur sem þar eru og er ég þeim mjög þakklát.

Ég stefni á að útskrifast úr sjúkraliðanámi um næstu jól. Að því loknu er stefnan tekin á frekara nám og þá meira tengt andlegri heilsu því draumurinn er að geta aðstoðað fólk eins og Aflið aðstoðaði mig.

Ég hef tekið þátt í gangandi vakt um viðburðarríkar helgar svo sem Bíladaga, Fiskidaginn og verslunarmannahelgi. Ég hef farið í útköll með ráðgjöfum Aflsins til skjólstæðinga. Auk þess hef ég verið með fræðslu og forvarnir í grunnskólum og framhaldskólum. Einnig sinni ég ýmsum öðrum verkefnum innan Aflsins.

Aflið er sífellt að stækka og ég sé það verða að stórum hluta af þessu samfélagi og tel ég að við hér á Akureyri megum vera stolt af því að eiga Aflið. Ég er það allavega.

Sæunn Guðmundsdóttir

Ráðgjafi

Ég er ein af stofnendum Aflsins og búin að vinna í ellefu ár og verið til taks allan sólarhringinn. Ég sinni einkaviðtölum, sjálfshjálparhópum og fyrirlestrum en það eru föstu störfin. Þar fyrir utan hef ég stokkið til og sótt konur á lögreglustöðina og heim til þeirra til að koma þeim í öruggt skjól hvort sem eru jól áramót eða aðrir dagar ársins, á leið þeirra í Kvennaathvarfið. Ég hef heimsótt skjólstæðinga á



geðdeild og fleiri deildir á FSA. Einnig hef ég farið með skjólstæðingum á ýmsa viðburði, svarað þeim í síma eða í tölvu á nóttu sem degi og farið með í skýrslutökur á lögreglustöðina eða fylgt þeim á bráðamóttökuna. Þar að auki hef ég setið með framhaldskólanemum á öllum stigum og upplýst þá eftir bestu getu vegna ritgerða eða annarra verkefna.

Aflið er oft erfiður vinnustaður en á móti kemur að hann er einstaklega gefandi og yndislegur líka. Fátt er meira gefandi en að fá fólk hokið af erfiðri reynslu inn og sjá það fara upprétt út. Að sjá allar hetjurnar sem til okkar leita og treysta okkur og leyfa okkur að fylgja sér í gegnum erfiðustu lífsreynslur sínar. Einstaklingar sem til okkar leita eru demantar sem eru með ótrúlega reynslu á bakinu en eru enn að finna leiðina til að lifa af og fá að njóta sín, meta sig og geta þar af leiðandi gefið meira af sér. Þeir einstaklingar hafa veitt mér meira en orð fá lýst og ég er endalaust þakklát þeim fyrir það sem þeir hafa gefið mér og þroskað mig.

Ég er, líkt og við allar sem erum með viðtöl, þolandi og veit hvað það er að fá hjálp frá fólki sem skildi hvað það var sem ég var búin að vera að leita að og ég óska þess að það sé það sem við veitum.

Elfa Dögg Ólafsdóttir

Ráðgjafi

Ég leitaði fyrst til Aflsins árið 2005, síðan þá hef ég ekki yfirgefið Aflið. Árið 2009 fór ég að vinna sem ráðgjafi og tók ég að mér hópa og einkaviðtöl. Enn í dag tek ég einkaviðtöl og sit á fundum og ráðstefnum en þar sem ég ákvað að fara mennta mig geri ég það í Reykjavík og Keflavík.



Í öllum þessum átta árum hef ég gert margt á vegum Aflsins og má þar nefna að ég hef farið öllum þessum árum á gangandi vakt. Ég hef farið með fræðslu í skóla, ég hef setið á námskeiðum og ráðstefnum til þess að efla mig sem ráðgjafa innan sem utan Aflsins.

Ég er 28 ára og þurfti ég að þola ofbeldi í nær ellefu ár. Þegar ég leitaðist loks eftir hjálp var það eitt af þeim þyngstu skrefum sem ég hef tekið í mínu lífi. Ég vissi ekki hvernig þetta virkaði og varð mjög hrædd í mínu fyrsta einkaviðtali.

Síðan leið tíminn og ég fór í hóp og þá gerðist eitthvað. Ég fór að fá sjálfstraust og varð sáttari með líf mitt. Ég fór að geta treyst sjálfri mér og öðrum í kringum mig. Ég tel að sú vinna sem fer fram í hóp sé mikilvæg fyrir okkur brotþola því þar kynnumst við frábærum einstaklingum sem líður eins og okkur. Mér fannst það svo skrítið að einhver kona út í bæ væri með sömu tilfinningar og ég. Síðan liðu árin og enn hélt ég áfram í hóp og varð bara að einhverskonar heimalning. Þessar frábæru Aflskonur höfðu gefið mér svo margt að mér fannst ég þurfa að gefa þeim og Aflinu eitthvað til baka.

Árið 2009 fór ég síðan að starfa sem ráðgjafi og þá kom eitthvað aftur hjá mér. Meira sjálfstraust og meira öryggi myndaðist hjá mér. Þá fór eitthvað að gerast í persónulega lífinu. Ég ákvað að fara í skóla sem mér hefði aldrei dottið í hug hér áður fyrr þar sem að sjálfstraustið gagnvart námsgetu var lítið sem ekkert. Þar með hófst mín skólaganga og kláraði ég stúdentinn og skellti mér svo í háskóla að læra félagsráðgjöf. Minni velgengi og sú stefna sem ég hef tekið í lífinu hef ég mikið til mínum skjólstæðingum og Aflskonum að þakka.

Stefnan í mínu lífi er að koma aftur heim til Akureyrar sem útskrifaður félagsráðgjafi og halda áfram mínu starfi hjá Aflinu.